

Svar við fyrirspurn**Efni: Gjaldfrjáls frístundaheimili****Viðtakandi: Borgarráð****Sendandi: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um gjaldfrjáls frístundaheimili frá 19. nóvember 2020. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hvað myndi kosta að hafa frístundaheimili Reykjavíkurborgar gjaldfrjáls?“

Tekjuáætlun skóla- og frístundasviðs vegna vistunargjalda hjá frístund vegna ársins 2021 er 653,1 m.kr. Skiptist það í 545,5 m.kr. vegna vistunargjalda, 34,4 m.kr. vegna lengdrar viðveru og 73,2 m.kr. vegna sumarfrístundar. Á þá eftir að taka tillit til systkinaafsláttar sem var tæpar 230 m.kr. á árinu 2020.

Tekjur skóla- og frístundasviðs 2021 - frístund (m.kr.)	
Vistun	545,5
Lengd viðvera	34,4
Sumarfrístund	73,2
Samtals	653,1

Sé horft til framangreinds verður að áætla að lágmarkskostnaður borgarinnar vegna gjaldfrjálsra frístundaheimila væri rúmlega 420 m.kr. tekið tillit til tekna og systkinaafsláttar. Þó verður að hafa í huga að verði frístund gjaldfrjáls má reikna með fjölgun barna og þar með auknum kostnaði. Í fyrsta bekk er um 90% barna skráð í frístund, það hlutfall fer síðan eitthvað lækkandi eftir því sem börnin eldast. Sömuleiðis má búast við aukinni aðsókn að sumarfrístund verði hún gerð gjaldfrjáls.

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.